

Fundur í íþróttá- og tómslundaneftnd haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 17. ágúst 2011 kl.12:00

Mættir: Vilborg Stefánsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Eggert Stefánsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Margrét Eyrún Níelsdóttir og Eypór Jónsson starfsmaður íþróttahúss. Vilborg ritaði fundargerð.

1. Vilborg las fundargerð síðasta fundar.

2. Erindi frá UMFL

Nefndin fagnar erindinu frá UMFL. Áætlað er að UMFL fái um 150 tíma á ári til úthlutunar. Eypór tekur vel í að skipuleggja tímana með forsvarsmanni UMFL. Ef það er ekki nægur tími til úthlutunar þá verði skoðað að nýta opnunartíma á laugardögum og þá lengja hann ef þörf krefur.

3. Erindi frá sveitastjórn: Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi öryggi á sundstöðum.

Nefndin fjallaði um erindið með starfsmanni íþróttahússins. Nefndin leggur það til að sveitarfélagið leggi fram aukið fjármagn til að sinna vaxandi öryggiskröfum í íþróttahúsum.

4. Erindi frá sveitastjórn: Bréf frá UMFÍ varðandi Landsmót UMFÍ 50+ 2012

Nefndin leggur til að haft verði samstarf við HSB og sótt um að hafa mótið á starfssvæði HSB þar sem rétta aðstaðan er til staðar. Einnig leggur nefndin það til að sveitarfélagið skoði hvaða aðstöðu vanti í Langanesbyggð til að halda slíkt mót.

5. Uppfærðar starfsreglur

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi starfsreglur og sendir þær til sveitarstjórnar.

6. Önnur mál

Opnunartími sundlaugar

Nefndin vill enn og aftur ýta á að endurskoðaður verði opnunartími íþróttahússins. Samanber tvær síðustu fundargerðir.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi

Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að ekki hefur verið ráðið í starf Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa. Nauðsynlegt er að halda þessu starfi gangandi í okkar vaxandi samfélagi.

Fundi slitið kl. 13.00